

# Annáll 2024

## Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands

### Kæra samstarfsfólk og velunnarar

Um leið og við óskum ykkur gæfu og gleði í upphafi árs sendum við annál um helstu verkefni Sjálfbærnistofnunar HÍ á síðastliðnu ári. Á árinu 2024 unnið við að fjölmörgum verkefnum og viðburðum um sjálfbærni innan og utan háskólans. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á árinu 2025.

Janúarkveðjur,  
Starfsfólk og stjórn Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands

### Sjálfbærnisráðgjafi HÍ

Sjálfbærnistofnun vann að gerð sjálfbærnisráðgjafi Háskóla Íslands 2023 en stofnuninni var falið verkefnið af sjálfbærnisráðgjafi HÍ. Þetta er í þriðja skipti sem HÍ gefur út sjálfbærnisráðgjafi en fyrsta ráðgjafi kom út árið 2022. Aukinn þrýstingur er á háskóla að gera grein fyrir, með mælanlegum hætti, hvernig starf háskóla styður við sjálfbærni og eru sjálfbærnisráðgjafir meðal annars notaðar við röðun háskóla á alþjóðlegum matslistum. Í skýrslunni er yfirlit yfir víðfeðmt starf HÍ út frá sjálfbærni og er hún mikilvægt skref fyrir HÍ að verða leiðandi á sviði sjálfbærni. Skýrslan er aðgengileg á bæði íslensku og ensku. Í ritstjórn skýrslunnar voru Hafdís Hanna Ægisdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir og Lára Hrönn Hlynsdóttir hjá Sjálfbærnistofnun og Jóhanna Sól Erlendsdóttir, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði. Lokaútgáfa skýrslunnar varð aðgengileg í nóvember.





## ADVICE – Handbók um náttúrumiðaðar lausnir

Síðastliðin tvö ár hefur Sjálfbærnistofnun unnið að norrænu verkefni um náttúrumiðaðar lausnir í samstarfi við NIVA í Noregi, NORION í Danmörku, Ensucon AB í Svíþjóð og VTT í Finnlandi. Verkefnið var fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. Megintilgangur verkefnisins var að þróa stafræna handbók um stefnumótun fyrir náttúrumiðaðar lausnir á Norðurlöndunum fyrir stefnumótendur á báðum stjórnsýslustigum. Verkefninu lauk í lok árs og kom lokaútgáfa handbókarinnar út í desember, hana má finna á [heimasíðu verkefnisins](#). Í handbókinni eru lagðar fram ráðleggingar og tillögur um hvernig hægt er að þróa og aðlaga stefnur til að auka enn frekar innleiðingu náttúrumiðaðra lausna.

## Háskólamenntun til sjálfbærni

Markmið verkefnisins Háskólamenntun til sjálfbærni er að taka saman þekkingu og aðferðir sem styðja við innleiðingu sjálfbærni í kennslu við HÍ, en Sjálfbærnistofnun vann að verkefninu í samvinnu við Karen Elizabeth Jordan, aðjúnt, og Ólaf Pál Jónsson, prófessor, bæði á Menntavísindasviði. Verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknasjóði HÍ. Tekin voru viðtöl við kennara af öllum fræðasviðum til að fá gleggri mynd af því sem vel er gert í innleiðingu sjálfbærni í kennslu, hvernig hægt er að yfirfæra þekkinguna og hvernig við getum stutt betur við kennara til að bæta sjálfbærni inn í sín námskeið og kennslu. Í maí var haldin vinnustofa þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að læra af hvoru öðru, auk þess sem veittur var stuðningur til að innleiða sjálfbærni enn betur í kennslu. Skýrsla með niðurstöðum verkefnisins kemur út snemma árs 2025, auk tillagna til kennara og alls starfsfólks HÍ.



Svipmyndir frá vinnustofu í maí

## BEFoRE – BEnefits From Restoration

BEFoRE er alþjóðlegt þriggja ára þverfræðilegt verkefni sem stofnunin vinnur að í samstarfi við alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (International Union for Conservation of Nature, IUCN) og háskólann í Sao Paulo í Brasilíu. Í íslenska hluta verkefnisins eru nokkur endurheimtarverkefni á Íslandi skoðuð út frá félagslegum og vistfræðilegum þáttum, þar sem helstu hindranir og ávinningur verkefnanna er dreginn fram. Guðrún Guðjónsdóttir er doktorsnemi við verkefnið og leiðbeinendur eru Thamar Heijstra prófessor í félagsfræði við HÍ, Kristín Svavarsdóttir sérfræðingur hjá Landi og skógi og Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar. Samstarfsaðilar BEFoRE verkefnisins funduðu í borginni Santarém í Amazon skóginum í Brasilíu um miðjan septembermánuð. Verkefninu lýkur á haustmánuðum 2025.



Íslenski hópurinn í vettvangsferð í Brasilíu

## Pilot Cities - Piercing through the Gridlocks

Sjálfbærnistofnun tekur þátt í verkefninu Pilot Cities sem leitt er af Reykjavíkurborg, en borgin er á meðal 25 borga sem hlutu styrk frá Horizon Europe til nýsköpunarverkefna í loftslagsmálum. Verkefnið er til tveggja ára og hófst í nóvember síðastliðnum, en verkefnið styður við markmið borgarinnar um að flýta vegferð sinni í átt að kolefnishlutleysi fram til ársins 2030. Reykjavíkurborg fær þar með titil sem „pilot borg“ en litið er til þeirra borga sem fyrirmyndar annarra við að hraða ferli kolefnishlutleysis með ýmiss konar nýsköpun í fjölbreyttum loftslagsverkefnum. Sjálfbærnistofnun, Jukka Heinonen, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkefni, Johanna Raudsepp, nýdoktor við sömu deild, og Ole Martin Sandberg, fræðimaður við Deild sagnfræði, heimspeki og fornleifafræði, taka þátt í verkefninu fyrir hönd HÍ. Hlutverk HÍ tengist meðal annars rannsóknum um borgarapáttöku og hvernig nærumhverfið getur stutt við lífsstíl þar sem kolefnisfótspori er haldið í lágmarki, auk þess sem Sjálfbærnistofnun tekur virkan þátt í miðlun verkefnisins.

## ARCADE

ARCADE er leiðtoganámskeið tengt áskorunum á norðurljóðum sem Rannsóknasetur um norðurljóðir og Sjálfbærnistofnun bjóða uppá í samstarfi við Ilisimatusarfik - Grænlandsháskóla, UiT Norges arktiske universitet í Tromsø, The Arctic Initiative við Kennedy-skólann við Harvardháskóla og Hringborð norðurljóða (Arctic Circle). Á námskeiðinu, sem nú var haldið í annað sinn, eru framhaldsnemar þjálfarar í að takast á við þær flóknu áskoranir sem blasa við samfélögum og náttúru norðurljóða. Námskeiðið er þverfræðilegt og fjallar um loftslagsbreytingar, leiðtogahæfni, sjálfbærni, öryggismál, stjórnsmál og nýsköpun á Norðurljóðum. Nemarnir tóku þátt í staðnámsvikum í Noregi (Tromsø), á Íslandi (Reykjavík og á Suðausturlandi) og á Grænandi (Nuuk) og tók Lára Hrönn, verkefnisstjóri, þátt í staðnámsvikunni í Tromsø í byrjun árs 2024, auk þess sem Hafdís Hanna leiddi leiðtogaþjálfun fyrir hópinn og fór með hópnum austur í Suðursveit. Annar hópur námskeiðsins útskrifaðist á Hringborði norðurljóða (Arctic Circle) í október síðastliðnum.



ARCADE hópurinn á Grænlandi



ARCADE hópurinn útskrifast á Arctic Circle

---

## Verkfærakista um sjálfbærni

Sjálfbærnistofnun vinnur að gerð verkfærakistu fyrir fræðafólk Félagsvísindasviðs sem sækja í erlenda og innlenda samkeppnissjóði þar sem krafa er gerð um sjálfbærnivinkil í rannsóknum. Verkfærakistan er unnin í samvinnu við rannsóknarstjóra Félagsvísindasviðs og mun nýtast fræðafólki, stofnunum og stoðþjónustu. Vinna við verkfærakistuna hófst á árinu en verður hún gefin út og kynnt rannsakendum á vormisseri 2025.

## HÍ og heimsmarkmiðin: Viðburðaröð og hlaðvarp

Viðburðaröðin HÍ og heimsmarkmiðin var endurvakin á árinu og er hún haldin í samstarfi við forsætisráðuneytið. Fyrsti viðburður í þessari nýju lotu viðburðaraðarinnar var haldinn 27. nóvember síðastliðinn og var sjónum beint að heimsmarkmiði 16 um frið og réttlæti sem fjallar m.a. um að draga skuli verulega úr hvers kyns ofbeldi, en sérstaklega var fjallað um ofbeldi meðal barna og ungmenna á Íslandi. Fjöldi sérfræðinga tók þátt í viðburðinum auk rektors HÍ og forseta Íslands. [Horfa má á upptöku af fundinum hér.](#)

Samhliða viðburðaröðinni um HÍ og heimsmarkmiðin gefur Sjálfbærnistofnun út samnefnt hlaðvarp, en tveir þættir voru birtir undir árslok 2024. Í þeim fyrsta ræða Hafdís Hanna, og Fanney Karlsdóttir, teymisstjóri Aurora-samstarfs HÍ, um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærni og hvernig HÍ og háskólar almennt geta stutt við þau. Í öðrum þætti er kafað dýpra í málefni fyrsta fundar um ofbeldi meðal barna og ungmenna á Íslandi, þar sem Anna Rut Pálmadóttur, deildarstjóri stoðþjónustu hjá Hraunvallaskóla í Hafnarfirði, og Funi Sigurðsson, framkvæmdarstjóra meðferðasviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu, ræða við Hafdísi Hönnu um þetta mikilvæga málefni. [Hlaðvarpið má nálgast hér.](#)



## Starfsdagur Sjálfbærnistofnunar

Starfsfólk Sjálfbærnistofnunar fór í lærdómsríka vettvangsferð miðvikudaginn 14. febrúar og heimsótti þrjú fyrirtæki sem vinna að sjálfbærni á ólíkum sviðum. Fyrsta heimsókn var til Creditinfo þar sem sjálfbærniteymið kynnti fyrir okkur Veru, sjálfbærni viðmót Creditinfo sem sýnir helstu sjálfbærniupplýsingar um íslensk fyrirtæki. Næst var haldið til KPMG þar sem sjálfbærniteymið kynnti fyrir okkur þeirra starf í tengslum við nýjar sjálfbærnireglugerðir Evrópusambandsins fyrir fyrirtæki. Loks kíktum við til VAXA og fengum að kynnast þeirra starfi og áherslu þeirra á sjálfbærni í matvælaframleiðslu.



## Heimsókn á Hornafjörð

Starfsfólk Sjálfbærnistofnunar lagði fót undir land og heimsótti Rannsóknarsetur HÍ á Hornafirði dagana 22-23. ágúst. Heimsóknin var hluti af undirbúningi og samráði vegna Horizon Europe umsóknar sem Sjálfbærnistofnun kom að ásamt Rannsóknasetrinu, Sveitarfélaginu Hornafirði og Nýheimum þekkingarsetri, auk fjölda erlendra samstarfsaðila. Starfsfólk Sjálfbærnistofnunar átti góða fundi með samstarfsaðilum og öðrum hagaðilum á svæðinu.



Ásdís Björk, Hafdís Hanna og Þorvarður, forstöðumaður Rannsóknarsetursins á Hornafirði

## Ráðstefnur og viðburðir

### Janúarráðstefna Festu

**25. janúar**

Starfsfólk Sjálfbærnistofnunar tók virkan þátt í Janúarráðstefnu Festu, þar sem Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður, tók meðal annars þátt í innslagi Berglindar Festival um sjálfbærni sem sýnt var á ráðstefnunni. Auk þess tók Hafdís Hanna þátt í hringborði sjálfbærnileiðtoga sem haldið var í tengslum við ráðstefnuna.



### Hlutverk háskólanna í grænu umbreytingunni

**21. febrúar**

Landbúnaðarháskóli Íslands og Sjálfbærnistofnun buðu til málþings um hlutverk háskólanna í grænu umbreytingunni en háskólastofnanir gegna lykilhlutverki í að leiða þarfar samfélagsbreytingar og hafa því ríkjum skyldum að gegna í grænu umbreytingunni. Á málþinginu var m.a. rætt um hlutverk og skyldur háskólanna og líflegar umræður áttu sér stað. Fundarstjóri á málþinginu var Hafdís Hanna.



### Stafræn sjálfbærni – þarf stafræna liðið að spá í sjálfbærni?

**6. mars**

Hafdís Hanna hélt erindi um stafræna sjálfbærni á viðburði SKÝ – félagi fyrirtækja og fólks í upplýsingatækni, í samvinnu við Láru Jóhannsdóttur, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við viðskiptafræðideild.

## Erindi um smitáhrif á Norden 0-30 í Helsinki

11. mars

Hafdís Hanna hélt opunarerindi á ráðstefnu norræna ungmennaverkefnisins *Hæft ungt fólk hvetur til heildrænnar nálgunar á sjálfbærri þróun og grænum umskiptum* sem haldin var í Helsinki. Verkefnið er unnið í samvinnu Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Finnlandi og Svíþjóð og miðar að því að fræða ungmenni um sjálfbæra þróun og mannréttindi. Í erindi sínu fjallaði Hafdís Hanna um alþjóðleg smitáhrif, en með smitáhrifum er átt við hvernig aðgerðir innan hvers ríkis hafa neikvæð eða jákvæð áhrif á getu annarra ríkja til að ná heimsmarkmiðunum.



## Hvernig ræðum við um heilsu jarðar á uppbyggilegan hátt?

16. apríl

Sjálfbærnistofnun hélt opinn hádegisfund um jákvæða umhverfismiðlun þar sem Anilla Till, doktorsnemi og sérfræðingur í umhverfismiðlun, fjallaði um hvernig við getum ýtt undir umhverfsvænni hegðun með það að markmiði að bæta heilsu jarðar.



## Byggjum framtíð: Málþing um sjálfbæra mannvirkjagerð

6. apríl

Sjálfbærnistofnun, Norrænt samstarf og Lendager á Íslandi boðuðu til málþings um sjálfbæra mannvirkjagerð í tengslum við þema umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs; sjálfbæran byggingariðnað. Kolefnisspor bygginga er mjög mikið og hefur áhrif á náttúru og samfélög, bæði í nútíð og framtíð. Staðlar nógildandi reglugerða heimila byggingar sem ekki standast kröfum sjálfbærni en setja um leið skorður á tilraunastarfsemi í byggingageiranum. Á viðburðinum var spurningunni um hvernig á að byggja næstu 100 árin velt upp.







## Sjálfbærni, moldin og landið


21. maí

Sjálfbærnistofnun bauð til málfings um sjálfbæra landnýtingu í samstarfi við Unga umhverfissinna, Landvernd og Norræna húsið, en ástand vistkerfa jarðar er víða mjög bágborið. Á fáum svæðum jarðar er ástandið jafn slæmt og á Íslandi þar sem landnýting er víða langt því frá að geta talist sjálfbær. Sjálfbær landnýting er nauðsynleg til að koma í veg fyrir hnignun vistkerfa og bætur möguleika á endurheimt þeirra – sem jafnframt stuðlar að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Á málfinginu var meðal annars fjallað um mikilvægi moldarinnar og sjálfbærrar landnýtingar, en einnig var vikið að hindrunum og þróun reglugerða sem ætlað er að færa stjórnarsýslu landnýtingar til nútímans.

## Ábyrgð stórfyrirtækja: Hagrænir hvatar til að draga úr hamfarahlýnun

12. september

Sjálfbærnistofnun HÍ og Norræna húsið buðu til málfings í samstarfi við Þórhildi Fjólu Kristjánsdóttur, orku- og umhverfisverkfræðing og Sigurpál Ingibergsson, sérfræðing í sjálfbærnisráðgjöf. Loftslagsváin er ein stærsta áskorun sem mannkynið stendur frammi fyrir í dag og hafa fyrirtæki mikilvægu hlutverki að gegna í baráttunni gegn henni. Á málfinginu voru hlutverk og ábyrgð fyrirtækja meðal annars rædd, hvernig þau geta sýnt gott forðæmi og náð nauðsynlegum árangri í loftslagsmálum. Á málfinginu var sérstaklega fjallað um efnahagslega hvata sem öflugt stjórntæki til að knýja fram nauðsynlegar breytingar til að tryggja bjarta og sanngjarna framtíð fyrir öll. Hafdís Hanna setti málfingið og var fundarstjóri.



## Arctic Climate Change Communication

**19. október**

Vísindafólk og íbúar á norðurlóðum hafa lengi reynt að vekja athygli á miklum hraða loftslagsbreytinga á norðurlóðum. Þema málþingsins var loftslagsmiðlun, þar sem tekist var á við spurningar um hvort það skipti máli hvernig við miðlum loftslagsbreytingum og hvort við þurfum að endurskoða nálgun okkar á loftslagsmiðlun. Spurningar sem þessar voru til umræðu á þessu málþingi um miðlun loftslagsbreytinga á norðurlóðum sem haldið var í tilefni Arctic Circle ráðstefnunnar. Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði bauð til málþingsins í samstarfi við Sjálfbærnistofnun HÍ, Alþjóðamálastofnun HÍ og Listasafn Íslands.



## **Climate Emotions: Philosophical and Anthropological Perspectives**

**3. desember**

Petr Vaškovic frá Czech Academy of Sciences og Svenja Flügger, nemi í umhverfis- og auðlindafræði HÍ, kynntu rannsóknir sínar um tilfinningaleg viðbrögð við vistfræðilegum krísum frá sjónarhóli heimspeki og mannfræði. Viðburðurinn var haldinn af Sjálfbærnistofnun í samstarfi við Ole Sandberg, nýdكتور við HÍ.

## **Ráð og nefndarseta**

### **Rammaáætlun**

Hafdís Hanna er formaður faghóps 1 um náttúru- og menningarminjar í 5. áfanga rammaáætlunar.

### **Festa - miðstöð um sjálfbærni**

Hafdís Hanna er formlegur tengiliður HÍ við Festu, miðstöð um sjálfbærni, ásamt Fanneyju Karlsdóttur, verkefnisstjóra Aurora, og Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorskrifstofu.

## Starfsfólk

Þrjár starfsmenn eru í fullu starfi hjá stofnuninni, líkt og á seinasta ári. Sem fyrr var Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður stofnunarinnar og Ásdís Björk Gunnarsdóttir og Lára Hrönn Hlynsdóttir verkefnisstjórar, sem og Guðrún Guðjónsdóttir, doktorsnemi við stofnunina. Anilla Till, doktorsnemi við Corvinus University of Budapest, var gestur Sjálfbærnistofnunar á vormisseri, auk þess sem Jóhanna Sól Erlendsdóttir, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði, kom inn í tímabundið verkefni hjá stofnuninni á haustmisseri. Einnig var Dr. Freydís Vigfúsdóttir verkefnaráðinn sérfræðingur í 15% stöðu í verkefninu Under One Cod sem hýst er hjá SSHÍ.



Frá vinstri: Guðrún Guðjónsdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir og Lára Hrönn Hlynsdóttir

## Sjálfbærnistofnun á samfélagsmiðlum

Við minnum á heimasíðu Sjálfbærnistofnunar [www.sshi.hi.is](http://www.sshi.hi.is) og að við erum einnig á [Facebook](https://www.facebook.com/sshhi) og á [LinkedIn](https://www.linkedin.com/company/sshhi).

Með ósk um gæfuríkt 2025

Sjálfbærnistofnun  
Háskóla Íslands